



Stefna um aðgerðir gegn fjármunabrotum

1. MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

Það er stefna Landsbankans að draga úr hættu á fjármunabrotum í starfsemi Landsbankans og í samskiptum við viðskiptavini, starfsfólk, eftirlitsaðila, önnur stjórnvöld, hluthafa, endurskoðendur, samkeppnisaðila og aðra sem eiga hagsmuna að gæta. Með fjármunabrotum er hér átt við peningabætti, fjármögnun hryðjuverka, brot á viðskiptaþvingunum, sviksemi, mútur og spillingu, markaðssvik og önnur auðgunarbrot. Stefna Landsbankans byggir á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, lögum um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna, lög um aðgerðir gegn markaðssvikum og samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu og almennum hegningarlögum.

Landsbankinn leggur mikla áherslu á að fara í einu og öllu eftir kröfum laga og stuðla að umhverfi þar sem unnið er gegn fjármunabrotum. Það er markmið Landsbankans að haga vörnum bankans samræmi við það sem best þekkist hjá fjármálafyrirtækjum á innlendum og alþjóðlegum vettvangi og stuðla að samvinnu milli bankans, yfirvalda og eftirlitsaðila þegar það á við. Landsbankinn takmarkar áhættu eins og kostur er þegar kemur að mögulegum fjármunabrotum svo sem með því að stunda ekki viðskipti við aðila sem teljast of áhættusamir.

Auk stefnunnar setur Landsbankinn sérstakar reglur og ferla um aðgerðir gegn fjármunabrotum.

Stefna þessi gildir um alla starfsemi og fyrir allt starfsfólk og bankaráð Landsbankans.

2. STJÓRNSKIPULAG

Landsbankinn viðhefur árangursríkar skipulags- og stjórnunarlegar ráðstafanir til að draga úr og stýra áhættu sem stafar af fjármunabrotum m.a. með því að setja sér stefnu, reglur og ferla sem eru endurskoðaðar reglulega.

Aðferðir við að draga úr hættu á fjármunabrotum í starfsemi Landsbankans eru skipulagðar í samræmi við stefnu bankans um innra eftirlit. Reglur og ferlar sem sett eru á grundvelli stefnu þessarar innihalda að lágmarki ákvæði um:

- framkvæmd áreiðanleikakannana,
- framkvæmd áhættumats,
- viðvarandi eftirlit með viðskiptum og viðskiptasamböndum,
- eftirlit með viðskiptaþvingunum og frystingu fjármuna,
- tilkynningarskyldu á grunsamlegri háttsemi viðskiptavina og ráðstafanir henni tengdri,
- eftirlit með markaðssvikum,
- uppljóstrun um spillingu og misferli, og
- kröfur vegna ráðningar starfsfólks og um þjálfun starfsfólks.

3. ÁBYRGÐ STJÓRNENDA Í AÐGERÐUM BANKANS GEGN FJÁRMUNABROTUM

Það er á ábyrgð framkvæmdastjórnar að tryggja virkni ráðstafana til að takmarka áhættu og sporna gegn fjármunabrotum, svo sem með því að taka virkan þátt í greiningu á áhættu, gera reglulega mat á að fullnægjandi kerfi og að ferlar séu til staðar á starfssviði viðkomandi, stuðla að góðri fyrirtækjamenningu, sjá til þess að starfsfólk sinni fræðsluskyldu sinni og upplýsa regluvörð eða innri endurskoðanda þegar í stað ef upp kemur grunur um fjármunabrot í starfsemi bankans.

Landsbankinn hefur tilnefnt aðila í hópi framkvæmdastjórnar sem viðskiptalegan ábyrgðarmann í aðgerðum bankans gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Viðskiptalegur ábyrgðarmaður er framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs. Hann sér m.a. til þess að tekið sé á athugasemdum og áhyggjum um möguleg brot á lögum og reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnunar hryðjuverka án tafar.

Landsbankinn hefur tilnefnt aðila úr hópi stjórnenda sem sérstakan ábyrgðarmann í aðgerðum bankans gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og er það regluvörður bankans sem sinnir þessu hlutverki. Ábyrgðarmaður skal hafa skilyrðislausan aðgang að áreiðanleikakönnun viðskiptamanna, viðskiptum eða beiðnum um viðskipti ásamt öllum þeim gögnum sem geta skipt máli vegna rannsókna á grunsamlegum viðskiptum og tilkynninga til skrifstofu fjármála-greininga lögreglunnar. Ábyrgðarmaður hefur jafnframt umsjón með samskiptum við önnur yfirvöld er varða aðgerðir gegn fjármunabrotum.

4. EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMD STEFNUNNAR OG ÞJÁLFUN STARFSFÓLKS

Regluvörður Landsbankans hefur annars stigs eftirlit með framkvæmd stefnu þessarar og sér hann ásamt framkvæmdastjórn bankans til þess að viðhalda reglum og ferlum sem stuðli að samræmdum starfsaðferðum og góðri framkvæmd gildandi laga, reglugerða, innri reglna og ferla um fjármunabrot. Regluvörður veitir bankaráði skýrslu um framkvæmd stefnunnar eins oft og þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en árlega.

Landsbankinn sér til þess að starfsfólk hljóti sérstaka þjálfun í aðgerðum bankans gegn fjármunabrotum við upphaf starfs og með reglubundnum hætti á starfstíma. Þannig öðlast starfsfólk viðeigandi þekkingu á gildandi lögum og reglum og þeim innri reglum og ferlum sem bankinn hefur sett á grundvelli þeirra.

Stefna þessi er endurskoðuð árlega eða oftar gerist þess þörf.